

Aðalfundur Siðmenntar

Haldinn laugardaginn 18. mars 2023 kl. 15.00

í sal Blaðamannafélags Íslands, Síðumúla 26

1. Fundur settur. Val á fundarstjóra og fundarritara

Formaður Siðmenntar Inga Auðbjörg K. Straumland setti fundinn 15:08. Hún flutti ávarp í upphafi fundar. Stefán Rafn og Sveinn Atli veitu Húmanistaviðurkenningu til samtakanna Réttur barna. Rótin hlaut fræðsluviðurkenningu Siðmenntar, Þórunn Sif tók við viðurkenningunni. Inga lagði til að Eyvindur Elí Albertsson frá JCI Íslandi yrði fundarstjóri og fundarritari, var það samþykkt. Samkvæmt lögum félagsins þarf að boða til aðalfundar skriflega með fjögurra vikna fyrirvara. Fundarstjóri óskaði eftir athugasemdum við boðun fundarins eða fundarboðið sjálft. Engar athugasemdir bárust og fundurinn því lýstur lögmaður þar sem löglega var til hans boðað.

2. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár

Inga Auðbjörg K. Straumland flutti skýrslu stjórnar, sjá f.skjal 2.1.

3. Áritaðir reikningar fyrra árs lagðir fram, til umræðu og samþykktar

Lagður var fram ársreikningur 2022, sjá fskj. 2.1 og farið yfir niðurstöður hans. Niðurstaða rekstrar ársins var neikvæð sem nemur kr. 7.542.221,- og eignir í lok ársins voru 45.285.284. Eftir umræður og spurningar var reikningurinn lagður upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

4. Breytingar á lögum

Engar tillögur um lagabreytingar bárust fyrir fundinn.

5. Ákvörðun félagsgjalda

Stjórn lagði fram tillögu um að félagsgjöld yrðu óbreytt, eða 5000 kr. á ári. Öryrkjar og ellilífeyrisþegar fá 50% afslátt. Félagsgjöld eru rukkuð í maí ár hvert og safna kröfur ekki vöxtum og falla niður að ári liðnu hafi krafa ekki verið greidd. Tillagan var samþykkt samhljóða.

6. Kjör stjórnar

Kjör stjórnar fór fram í samræmi við lög félagsins, lagagrein 5.1.

Fyrir fundinn barst eitt framboð til formans, frá Ingu. K. Straumland. Var hún því sjálfkjörin. Fimm framboð bárust í aðalstjórn og fór fram leynileg kosning. Úrslit kosninga voru eftirfarandi, Arnar Snæberg Jónsson fékk 22 atkvæði, Kristín Helga Schiöth fékk 22 atkvæði, Kristín Sævarsdóttir fékk 20 atkvæði og Sigurður Rúnarsson fékk 16 atkvæði og voru þau því kjörin í stjórn. Guðjón Sigurbjartsson hlaut 4 atkvæði.

Fimm framboð bárust í varastjórn og fór fram leynileg kosning. Úrslit kosninga voru eftir farandi. Guðni Rúnar Jónasson hlaut 20 atkvæði, Hope Knutsson hlaut 20 atkvæði, Helga Bara Bragadóttir hlaut 19 atkvæði, Mördur Árnason hlaut 11 atkvæði og voru því kjörin í stjórn. Guðjón Sigurbjartsson hlaut 8 atkvæði.

7. Kjör félagslegra skoðunarmanna

Stjórn lagði fram tillögu að Guðrún Vala Elísdóttir og Margrét Gauja Magnúsdóttir yrðu félagslegir skoðunarmenn og Stefán Rafn Sigurðsson yrði til vara. Var það samþykkt.

8. Önnur mál

- a. Tinna Jóhannsdóttir kom upp og kynnti hundraðshöfðingja úr hópi athafnastjóra. Sigurður Rúnarsson, Helga Bára Bragadóttir, Árni Grétar Jóhannsson, Margrét Gauja Magnúsdóttir og Tinna Jóhannsdóttir
- b. Sú hugmynd var rætt að Siðmennt myndi bjóða upp á fleiri athafnir, afmæli, útskriftir eða blessa ný hús.
- c. Valgerður kom upp og vildi vísa því til stjórnar að endurskoða lög félagsins í heild og hætta með hundarðshöfðingjann á aðalfundi
- d. Fráfarandi stjórnarmönnum var þakkað fyrir samstarfið, þeim Sveini Atla Gunnarssyni, Stefáni Rafni Sigurbjörnssyni og Guðjóni Sigurbrjarssyni,

9. Frágangur fundargerðar staðfestur og fundi slitið

Fundarstjóra og formanni veitt heimild til að ganga frá og samþykkja fundargerð. Fundarstjóri sleit fundinum 16:55



Eyvindur Elí Albertsson, fundarstjóri og ritari

Inga Auðbjörg K. Straumland, formaður